

1864.

31. marz.

í hvert skipti eru lögákveðin. Eptirlaunaviðbót sú, sem hér hefir verið um beðið, er að tiltölu þýsna mikið hærri en hin lögákveðnu eptirlaun, og þótti fjárstjórnarráðinu hún því of há í samanburði við eptirlaunin sjálf, og kvaðst mundi hika sér við að stinga upp á viðbót, er væri öllu meiri, en helmingur þess, sem um var beðið; en eptir öllum atvikum máls þessa og einkum af því, að hér er að gjöra um lítið fé, virtist fjárstjórnarráðinu réttast að skjóta undir álit dómsmálastjórnarinnar, hversu mikla þýðing bænarskrá alþingis ætti að hafa einnig að því leyti, er snertir upphæð viðbótarinnar.

Af atvikum málsins, sem að ofan hefir verið frá skýrt, virtist dómsmálastjórninni vera næg ástæða til þess, að ekkja sú, sem hér er um rætt, fengi eptirlaunaviðbót; en af þeim athugasemdum, sem fjárstjórnin hefir tekið fram, hlaut dómsmálastjórninni að finnast isjárvert að stinga uppá, að ekkjunní væri veitt svo há viðbót, sem alþingi fór fram á, heldur þótti við hæfi, að hún fengi slíka viðbót, að eptirlaun hennar framvegis yrðu samtals 300 rd., og yrði eptir því viðbótin 135 rd. 40 sk. á ári<sup>1</sup>.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, sem ekkjan Elín Thorstensen fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, Jón heitinn Thorstensen, jústizráð og landlækni á Íslandi, skulu hækkuð um 35 rd. 40 sk. á ári frá 1. degi aprílmánaðar 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 31. dag marzmán. 1864.

## 27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um húsabyggingar í Reykjavíkur umdæmi.

6. apríl.

Með því ábúandinn á jörðinni Seli á síðastliðnu ári hafði byggt þar timburhús, án þess að skýra fyrst frá því byggingarnefndinni í Reykjavíkur kaupstað, þá hefir nefnd þessi í bréfi, er þær, herra stiptamtmaður, senduð hingað með álitsskjali yðar, dags. 9. nóvembermán. f. á., spurt um, hvort eigi sé rétt að

<sup>1</sup>) Smbr. bréf dómsmálast. til stiptamt. yfir Ísl. 19. d. aprílm. 1864.

1864.  
6. apríl. skilja opið bréf 29. maímán. 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík á þann hátt, að fá skuli samþykki byggingarnefndarinnar og amtsins áður en nokkurt hús sé byggt innan takmarkanna á lögsagnarum dæmi bæjarins.

Um þetta efni skal yður hér með til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það, að eptir því, sem ákveðið er í 4. grein í lagaboði því, sem að ofan er getið, smbr. 3. gr. stafl. D., álitur dómsmálastjórnin að kveða eigi já við spurning þeirri, sem hér er um rætt.

9. apríl. **28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Gunnlaugs Tryggva Gunnarssonar, um styrk til að kynna sèr landbúnað í Noregi.**

Eptir beiðni yðar í bréfi dagsettu 3. febrúarm. þ. á. hefir dómsmálastjórnin veitt yður 400 ríkisdala styrk til að ferðast til Noregs og dveljast þar 3 eður 4 mánuði til þess að kynna yður betur norskan landbúnað, einkum að því leyti, er hann gæti verið fyrirmynd fyrir umbótum á landbúnaðinum á Íslandi.

Þetta er yður hér með kunngjört, og skal því við bætt, að hlutazt hefir verið til um, að fè þetta verði greitt yður úr aðalféhirzlu ríkisins.

13. apríl. **29. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um fjölgun á ölmusum við hinn lærða skóla.**

Samkvæmt því, er alþingi það, er haldið var árið 1861, stakk uppá og nefnd sú féllst á, er síðar var skipuð í Reykjavík til að íhuga uppástungur þingsins um umbætur á hinum lærða skóla á Íslandi, hlutaðist stjórnarráðið til um, að í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65 var gjörð uppástunga um, að ölmusunum við Reykjavíkur lærða skóla, sem nú eru 24 að tölu, hver 100 rdl. að upphæð, verði fjölgað svo, að þær verði 40, og hefir ríkisþingið veitt fè það, alls 4000 rd., er stungið var upp á að veitt yrði til þessa, eins og betur